

# Ársskýrsla forseta 2006-2007

Ágætu rótarýfélagar,

Að baki er 60. ár í sögu Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar. Þegar ég stóð hér fyrir ári síðan og flutti ykkur stefnuræðu sagðist ég taka við forsetastarfinu af auðmýkt. Ég verð að viðurkenna að nú, ári síðar, ber ég enn meiri virðingu fyrir rótarýstarfinu en fyrr. Þetta ár hefur mér verið mjög lærdómsríkt, ekki síst um innviði klúbbsins. Ég sagðist líka tileinka forsetatíð mína tveimur mönnum, Birni Ólafssyni, sem hefði átt að standa í mínum sporum hefði hann lifað og ekki síst föður mínum, Gísla Jónssyni sem ég starfaði með í þrjú ár hér í klúbbum. Ég hef oft hugsað til þeirra í starfi mínu, þó eðli málsins vegna hafi hugurinn oftast beinst að föður mínum sem var mikill rótarýmaður og það var hann sem upplýsti mig um manngildishugsjón rótarýhreyfingarinnar löngu áður en ég gerðist rótrýfélagi.

Það var kannski ekki undarlegt, með mynd þessara manna í höfðinu og á afmælisári klúbbsins, að ég setti markið hátt. Reyndar hjálpuðu stjórnarmenn mínir mér að grisja áður en áætlunin kom fyrir sjónir klúbbsins. Fjölmargt var á stefnuskránni, margt var gert, ýmislegt er í gangi, öðru var mjakað af stað en nokkuð af ætlunarverkunum náði ekki fram að ganga.

## Klúbbfélagarnir

Aðeins tveir nýir félagar hafa verið teknir inn á þessu ári og báðir koma þeir úr öðrum klúbbum og það er að sjálfsögðu ánægjulegt að þeir hafi valið okkar klúbb.

Félagatalið var í fyrsta sinni gefið út með myndum af klúbbfélögum og með kápu í fjórlit og mæltist það vel fyrir og verður framhald á.

Tveir rótarýfélagar létust á árinu. Þórður Stefánsson lést 28. desember 2006 og Björn Árnason lést 30. apríl sl. Einn fyrrverandi félagi okkar, Steingrímur Atlason, lést nú í þessum mánuði og þá lést móðir Þórðar, Ragnheiður Hulda Þórðardóttir og ekkja Stefáns Jónssonar, eins af stofnendum klúbbsins fyrr á þessu ári og nýlega lést Elín Sigurðardóttir eiginkona félaga okkar Trausta Ó. Lárussonar. Allra þessara einstaklinga minnumst við með virðingu og söknuði.

## Heiðursfélagi

Niels Árnason, elsti klúbbfélaginn fagnaði því 5. júní sl. að 50 ár voru liðin frá því að hann gekk í klúbbinn. Forseti heimsótti Niels á heimili hans þennan dag með blómvönd, en Niels hefur átt við heilsuleysi að stríða um nokkurt skeið. Afhenti Niels forseta ávísun upp á eina milljón kr. sem gjöf til klúbbsins til minningar um látna rótarýfélagi. Á klúbbfundi tveimur dögum síðar lagði stjórnin tillögu fyrir klúbbfélagi að gera Niels Árnason að heiðursfélaga fyrir langt og gott rótarýstarf og var það einróma samþykkt og var Nielsi þann dag afhent heiðursskjál því til staðfestingar jafnframt því sam honum var kynnt

# Ársskýrsla forseta 2006-2007

ákvörðun stórnar að reisa minningarstein um látna félaga í skógræktarsvæði klúbbsins.

## Stjórnarstarfið

Fyrsti fundur stjórnarinnar var haldinn í janúar 2006 þegar drög voru lögð að starfinu. Formlegir stjórnarfundir voru í færri kantinum en mjög gott samstarf var innan stjórnarinnar og gott samráð um allar ákvarðanir sem teknar voru. Fundir voru á heimili forseta auk þess sem fyrrverandi forseti ljáði kaffistofu sína undir fund. Aðrir fundir voru samhliða rótarýfundunum. Ég vil þó ítreka mikilvægi þess að stjórnir og nefndir hittist utan okkar hefðbundna fundarstaðar enda mikilvægur þáttur í að auka samheldni í klúbbum og kynni milli manna.

## Rótarýfundir og erindi

Nefndir stóðu sig almennt mjög vel að útvega fyrirlesara og voru fyrirlestrar fjölbreyttir og fræðandi og aldrei vantaði fundarefni. Stallari lét úbúa ný merki sem notuð eru til að raða félögum á borð og voru þau oftast notuð og jákvæð viðbrögð þorra félaga hafa styrkt okkur í því að þetta sé rétt aðferð og eykur kynni félaga. Óánægja með matinn hefur ágerst og ítrekað hefur verið rætt við eiganda staðarins um úrbætur. Nú er svo komið að ekki er hægt að una slíkri óánægju en það lendir á nýrri stjórn að taka ákvörðun um framhaldið.

Jólafundurinn ver vel sóttur og heppnaðist mjög vel en fyrir fund var gestum boðið á heimili Sigurjóns Péturssonar og Þóru Hrönn Njálisdóttur.

Það hefur verið gestkvæmt hjá okkur á fundum sem er mjög ánægjulegt. Við eigum nokkra fastagesti og klúbbfélagar ýmsir hafa verið duglegir við að mæta í aðra klúbba. Þó er rétt að hvetja félaga til þess að gera meira af því og víkka sjóndeildarhringinn í rótarýfjölskyldunni og kynnast fleiri rótarýfélögum og kynnast starfi annarra klúbba.

## Þriggja mínútna erindin

Þið rótarýfélagar hafið staðið ykkur afburða vel í að flytja þriggja mínútna erindi. Tímaskynið hefur verið að slípast til og með aðeins einni undantekningu hafið þið staðið við ykkar skyldu að halda erindi eða skipta við aðra. Þessi siður tíðkaðist í klúbbum á árum áður og ég vona svo sannarlega að þriggja mínútna erindin séu komin til að vera enda höfum við fengið að heyra ýmislegt fróðlegt og margar þarfar hugleiðingar. Ég hef aðeins velt því fyrir mér að betra færi á að þau kæmu fyrir matinn í stað rétt á undan aðalerindi dagsins en þeirri vangaveltu velti ég yfir á verðandi forseta.

# Ársskýrsla forseta 2006-2007

## Útifundir og ferðir

Fyrsti fundurinn var í Norska bústaðnum í Heiðmörk í afskaplega fínu veðri og var góð mæting. Þar voru makar velkomnir eins og við stjórnarskiptafundinn og er alltaf sérstaklega ánægjulegt þegar fjölskyldan getur tekið þátt í starfinu með okkur. Þetta var reyndar ekki eini útifundurinn, því í lok ágúst var fundur í skógræktarreitnum okkar við Klifsholt þar sem vígðir voru bekkir og borð auk þess sem jakkafataklæddir rótarýfélagar gróðursettu tré sem Skógræktarfélag Hafnarfjarðar færði okkur en Hólmfríður Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri félagsins var sérstakur gestur okkar þennan dag.

Minna varð um ferðir en ætlað var. Jeppaferðin í september var ekki farin og í skoðanakönnun var Stokkhólmsferðin í vor blásin af og harma ég að svo hafi farið. 1. maí ferðin var farin að venju og var Gljúfrasteinn og kirkjur áfangastaðir dagsins, vel heppnuð en allt of fámenn ferð.

## Skógræktarreiturnir

Í stefnu þessarar stjórnar var uppbygginga á skógræktarsvæðinu og er það einlægur áhugi minn að svæðið geti verið griðarstaður rótarýfélaga og fjölskyldna þeirra og unnið er að því að gera skipulag að svæðinu. Keyptir voru bekkir og borð eins og áður segir og stígar verða lagðir trjákurli sem við vonumst til að fá sem fyrst. Merkja á svæðið og setja bílastæði en á annað hundrað trjáplöntum var plantað í svæðið í lok maí á skógræktardegi klúbbsins. Veður var reyndar afleitt en þeir sem mættu voru skotflótir að setja trén niður og bera áburð á önnur og það var ljúft að þiggja vöflukaffi hjá Dísu á heimili þeirra þarna skammt frá.

Þegar klúbbum barst höfðingleg gjöf til minningar látinna félaga var hvatning Alberts Kristinssonar um minningarstein tekin upp en stjórnin hafði ekki talið ástæða að kosta til minningarstein af fjármunum klúbbsins heldur minnst látinna rótarýfélaga á skilti sem yrði sett upp. Forseti lagði fyrir stjórn hugmynd að minningarstein og kostnaðaráætlun sem var samþykkt og var steinninn þegar pantaður og vænst er til að hann verði settur upp síðar í sumar.

Rótarýklúbburinn Straumur færði okkur gjafabréf upp á tré til plöntunar á svæðinu og munu stjórnir klúbba sameiginlega planta þeim trám. Þá var ákveðið að planta 10 ára gamalli kraftmikilli plöntu í tilefni 10 ára afmælis Straums.

## Afmælishátíðin

60 ára afmælishátíð klúbbsins var stærsti viðburður starfsársins en hún var haldin 7. október sl. Mikið var lagt í undirbúning hennar og var Inner-Wheel klúbbi Hafnarfjarðar boðið að halda 30 ára afmæli sitt með okkur enda félagar þeirra flestir makar rótarýfélaga. Hátíðin tókst í alla stað mjög vel og voru gestir

## Ársskýrsla forseta 2006-2007

hennar 106. Boðsgestir voru frá Straumi, dótturklúbbi okkar og umdæmisstjóri Rótarý, Guðmundur Björnsson og frú heiðruðu okkur með nærveru sinni og það gerði einnig Ingibjörg Magnúsdóttir umdæmisstóri Inner-Wheel. Gestir voru frá Straumi, Reykjavík International, Rótarýklúbbi Keflavíkur og Ólafsvíkur auk þess sem kveðjur bárust frá Rkl. Görðum, Rkl. Reykjavíkur-Austurbær og Rkl. Reykjavíkur.

Skemmtiatriði voru glæsileg og maturinn góður og var almennt álit að hún hafi verið vel heppnuð.

### **Paul Harris félagar**

Stjórn klúbbsins samþykkti tillögu forseta að veita fjórum félögum Paul Harrisorðuna fyrir vel unnin störf. Orðuna hlutu Guðbjartur Einarsson, Guðmundur Rúnar Ólafsson, Kristján Stefánsson og Sigurður Hallgrímsson en þrír síðastnefndu hafa allir gegnt forsetaembætti í klúbbum.

### **Æskulýðsstarfið**

Bandaríski skiptineminn Justin McGarvin kom til landins í septemberbyrjun og dvaldi hjá formanni æskulýðsnefndar, Sigríði Kristínu Helgadóttur og fjölskyldu. Dvöl hans varð nokkuð endasleppt og var hann sendur heim í desember vegna vandamála sem komu upp. Kom í ljós að hann hafði átt erfiða æsku og þjáðist af þunglyndi. Var honum óskað alls hins besta en ljóst var að hann uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar eru til skiptinema.

Enginn sótti um dvöl erlendis á næsta starfsári og því ljóst að ekki verður skiptinemi hjá klúbbum á næsta starfsári.

URR nefndin svokallaði stóð sig með þryði og hélt ræðumenskunámskeið fyrir unglunga í Víðistaðaskóla sem gafst mjög vel og stefnt er að því að auka við það starf með þátttöku fleiri klúbbfélaga.

### **Heimasíðan**

Hægar hefur gengið að endurnýja heimasíðu klúbbsins sem er orðin 6 ára gömul, en ætlað var en sá sem hérna stendur hefur séð um hana alla tíð. Mikil orka hefur farið í að undirbúa nýtt gagnagrunnskerfi fyrir heimasíðu umdæmisins en ég er einn þriggja í vefnefnd umdæmisins. Væntanlega munum við geta notið góðs af því á okkar heimasíðu en þessa dagana er ný heimasíða að myndast og þegar öllu efni af fyrri síðu hefur verið komið yfir á nýju síðuna verður hún opnuð að nýju formlega á klúbbfundi.

### **Borðfánar**

Stjórn klúbbsins samþykkti að láta prenta nýja borðfána og eru þeir gerðir í samráði við Bjarna Jónsson, sem hannaði fánann en sú útfærsla var samþykkt af klúbbum á sínum tíma. Verða fánarnir hér á borðum á næsta fundi.

# Ársskýrsla forseta 2006-2007

## Gjafir til klúbbsins

Áður hef ég getið rausnarlegrar gjafar Níelsar Árnasonar en klúbbum barst um jólaleytið 100 þúsund kr. frá einum klúbbfélagi sem ekki vill láta nafns síns getið. Var þeirri upphæð ætlað að renna til verkefna klúbbsins. Við upphaf afmælishátíðar klúbbsins færðu tveir klúbbfélagar, Gylfi Sigurðsson og Sigurbór Aðalsteinsson klúbbum púlt undir skjávarpa að gjöf og Sigurjón Pétursson færði klúbbum fartölvu og skjávarpa. Þá færði Ólafur Haukur Magnússon klúbbum vandaðan þráðlausan músarbendil. Inner-Wheel klúbburinn færði klúbbum nýja forsetatösku á afmælisdaginn, Rkl. Straumur gaf af sama tilefndi gjafabréf upp á tjráplöntur og skógræktarfélagið færði klúbbum tré að gjöf auk þess það færði klúbbum trjáplöntur að gjöf til minningar um Björn Árnason.

## Rótarýgolfið

Sex rótarýfélagar tóku þátt í árlegu rótarýgolfmóti og komu heim með tvo bikara en sveit klúbbsins vann sveitakeppnina og Guðmundur Friðrik vann einnstaklingskeppnina. Mót ársins fer fram á mánudaginn og óvitað er um þátttöku okkar félaga þó vitað sé að tveir sterkustu golfspilarar klúbbsins verði forfallaðir.

## Jólamerki

Framkvæmdasjóður gaf að venju út jólamerki og eins og oft áður varð það Bjarni Jónsson sem teiknaði merkið sem sýnir gamlan bát og Keilir. Öll merkin er hægt að sjá á heimasíðu klúbbsins en undanfarið hefur verið leitað leiða að auðvelda kaup á merkjunum í gegnum heimasíðuna.

## Starf með öldruðum

Sú nýbreytni var tekin upp að frá á stofnun í bænum í stað þess að bjóða upp á skemmtun fyrir Félag eldri borgara. Farið var á Hrafnistu í helgistund og var heimilinu færði sérprentuð sálmaþók með stóru lettri og var þeirri gjöf mjög vel tekið.

## Annað starf

Þó nokkrir klúbbfélagar hafa tekið þátt í starfi umdæmisins og staðið sig með þryði, Bjarni Þórðarson situr í umdæmissráði sem fv. umdæmisstjóri, Almar Grímsson hefur starfað fyrir rótarýsjóðsnefnd, Skúli Þórsson og Guðbjartur Einarsson hafa setið í félagapróunarnefnd, Hallfríður Helgadóttir og Jón Ásgeir Jónsson hafa setið í æskulýðsnefnd, Skúli Valtýsson hefur setið í stjórn starfgreinasjóðs, Guðmundur Rúnar Ólafsson hefur setið í stjórn Tónlistarsjóðs og undirritaður hefur setið í vefnend umdæmissins eins og áður hefur verið getið.

# Ársskýrsla forseta 2006-2007

## Ókláruð verkefni

Ekkert varð úr að **afmælisblaðið** sem ákveðið hafði verið að gefa út kæmi út og skorti þar kraft til að koma því verkefni áfram.

Tillaga **um jafnaðargjald** hlaut ekki nægan stuðning klúbbfélaga og var því horfið frá því gjaldi. Hins vegar var veitingahúsinu gert að innheimta hvern og einn fyrir matinn og stallari hefur því betri tíma til að sinna þeim verkefnum sem honum er ætlað, að gera klárt fyrir fund, taka á móti gestum og þ.h.

Stefnt hafði verið að því að út kæmi **ný söngbók** og var undirbúningur hafinn en er enn í vinnslu og vonandi kemur bókin út á nýju starfsári og heiti ég mínum stuðningi við það.

**Ritun sögu síðustu 10 ára** í starfi klúbbsins hefur lítt þokast áfram en nefnd sem skipuð var í það verkefni mun halda því verkefni áfram.

## Lokaorð

Eflaust hefur eitthvað gleymst í þessari upptalningu og biðst ég velvirðingar á því. Þetta hefur verið annasamt ár en ánægjulegt. Kannski hefur forsetastarfið verið léttara á starfsárinu en ég gerði ráð fyrir og kemur þar til jákvæð viðhorf og gott starf klúbbfélaga. Hins vegar tók undirbúningur ársins gríðarlegan tíma en góður undirbúningur er nauðsyn þess að vel takist til.

Ég vil þakka félögum mínum í stjórn, þeim Kristjáni, Gunnhildi, Haraldi, Bessa og Jóhannesi fyrir ánægjulegt samstarf. Ég vil þakka formönnum nefnda fyrir þeirra góðu störf og í raun félögum öllum fyrir ánægjulegt rótarýár. Því virkari sem félagarnir eru, verða verkin léttari og starfið í klúbbum verður ánægjulegra og öflugra. Ég horfi fram til ánægjulegra ára í rótarý og ég vil nota tækifærið að óska nýrri stjórn sem tekur við á næsta fundi farsældar.

Ágætu rótarýfélagar, hafið þakkir fyrir ánægjulegt ár.

*Guðni Gíslason*  
*forseti 2006-2007*